

- b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur.
- c) Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

5. flokkur.

Gjald kr. 35 fyrir hvern rúmmetra:
Timbur og annað eftir rúmmáli.

6. flokkur.

Gjald 1% af aflaverðmæti.

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess.

Aflagjald skal koma til framkvæmda í tveim áföngum þannig, að á árinu 1973 verði það 0.5% en frá 1.1. 1974 1%.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð, nr. 24 4. febrúar 1973, fyrir Akraneshöfn.

1. gr.

39. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru her skip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

40. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.

- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.
Gjaldldagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

41. gr. reglugerðarinnar fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

4. gr.

42. gr. reglugerðarinnar, sem verður 41. gr., orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

5. gr.

43. og 44. gr. reglugerðarinnar falla niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

6. gr.

54. gr. reglugerðarinnar, sem verður 51. gr., orðist þannig:

Vörugjöld.**1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:**

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi., t. d. benzín, brennsluoliur, kol, korn, salt, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsoliur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veittur allt að 50% afsláttur.

- b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflgjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Aflagjald skal koma til framkvæmda í tveim áföngum þannig, að á árinu 1973 verði það 0.5% en frá 1/1 1974 1%.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 45.

5. marz 1973.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,
nr. 51 26. marz 1971.**

1. gr.

33. grein orðist þannig:

- a. Öll skip, sem ekki eru sérstaklega talin annars staðar, eða undanþegin greiðslu, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip greiði kr. 2.50 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiði lestagjald einu sinni á ári, kr. 200.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 1 000.00. Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að báturinn hefur verið gerður út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til visindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

34. grein orðist þannig:

Bryggjugjald.

- a. Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða bryggjugjald kr. 1.50 af hverri brúttórúmllest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið, þó aldrei minna en kr. 50.00 um sólarhringinn.